Nr. 1042 18. október 2011

# REGLUGERÐ

**um gildistöku á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 1999/217/EB um samþykkt skráar yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á landi:

a. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 1999/217/EB um samþykkt skráar yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum, til beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 frá 28. október 1996. Ákvörðunin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2000 frá 29. júní 2000. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 31, frá 14. júní 2001, bls. 91.
b. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2000/489/EB um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB um samþykkt skráar yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum. Ákvörðunin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2001 frá 29. september 2001.
c. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2002/113/EB um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB um samþykkt skráar yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum. Ákvörðunin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2002 frá 9. nóvember 2002. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9, frá 24. febrúar 2004, bls. 119.
d. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2004/357/EB um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB að því er varðar samþykkt skráar yfir bragðefni. Ákvörðunin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2004 frá 30. október 2004. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 31, frá 24. febrúar 2007, bls. 42.
e. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2005/389/EB um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB að því er varðar skrána yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum. Ákvörðunin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2006 frá 11. mars 2006.
f. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2006/252/EB um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB að því er varðar skrána yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum. Ákvörðunin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2006 frá 23. september 2006.
g. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2008/478/EB um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB að því er varðar skrána yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum. Ákvörðunin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2009 frá 18. mars 2009.
h. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2009/163/EB um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB að því er varðar skrána yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum. Ákvörðunin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2010 frá 30. janúar 2010.

2. gr.

Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2000/489/EB, 2005/389/EB, 2006/252/EB, 2008/478/EB og 2009/163/EB eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa.

3. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna matvælaeftirlits sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 18. október 2011.*

**Jón Bjarnason.**

*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal 1.**

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

**frá 18. júlí 2000**

**um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB um samþykkt skráar yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum**

*(tilkynnt með númeri C(2000) 1722)*

**(Texti sem varðar EES)**

(2000/489/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 frá 28. október 1996 um að ákveða málsmeðferð bandalagsins varðandi bragðefni sem eru notuð eða fyrirhugað er að nota í eða á matvælum ([1]), einkum 2. mgr. 3. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2232/96 samþykkti framkvæmdastjórnin með ákvörðun 1999/217/EB ([2]) skrá yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum.

2) Brýnt er að mati þeirra sé haldið áfram með því að fella inn nokkur efni, sem enn hafa ekki verið skráð í áðurnefnda skrá, og að breyta nokkrum færslum í ljósi nýrra niðurstaðna.

3) Við beitingu tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 98/282/EB frá 21. apríl 1998 um leiðir fyrir aðildar- ríkin og undirritunarríki að Evrópska efnahagssvæðinu til að vernda hugverkarétt í tengslum við þróun og framleiðslu bragðefna, sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 ([3]) hefur tiltekið tilkynningarríki látið í ljósi, að því er varðar nokkur efni, að þau þurfi ekki verndar við og megi því færa yfir í opna hluta skrárinnar.

4) Breyta ber ákvörðun 1999/217/EB til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvæli.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvörðun 1999/217/EB er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. júlí 2000.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

---

([1]) Stjtíð. EB L 299, 23.11.1996, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 84, 27.3.1999, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 127, 29.4.1998, bls. 32.

*VIÐAUKI*

1. 1. hluta er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslum er skotið inn:

| CAS-nr. | Heiti | FEMA-nr. | CoE-nr. | Einecs-nr. | Athugasemdir | Samheiti | Kerfisbundið heiti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 52-89-1 | l-Systeínhýdróklóríð | | 11746 | 200-157-7 | 1) | | |
| 52-90-4 | l-Systeín | 3263 | 10464 | 200-158-2 | 1) | | |
| 56-40-6 | Glýsín | 3287 | 11771 | 200-272-2 | 1) | | |
| 94-13-3 | Própýl 4-hýdroxýbensóat | 2951 | 678 | 202-307-7 | | | |
| 592-98-3 | 3-Okten | | | | | | |
| 5090-41-5 | 9-Oktadekenal | | | | | | |
| 7367-90-0 | Etýl 3-hýdroxýoktanóat | | 10603 | 230-919-4 | | | |
| 21662-08-8 | 5-Dekenal | | | | | | |
| 22610-86-2 | 5-Okten-2-on | | 11171 | | | | |
| 23747-34-4 | 2-Própíonýl-3-metýl-fúran | | 10970 | | | | |
| 30086-02-3 | 3,5-Oktadíen-2-on | | 2148 | | | | |
| 39924-52-2 | Metýl 3-oxó-2-(pent-2-enýl)sýklópentanasetat | 3410 | 10821 | 254-705-5 | | | |
| 37160-77-3 | 3-hýdroxý-2-oktanon | | | | | | |
| 38533-54-9 | 1,3,5,8-undekatetraen | | | | | | |
| 40716-66-3 | Trans-3,7,11-trímetýldódeka-1,6,10-tríen-3-ól | | | 255-053-4 | | | |
| 56554-87-1 | 16-Oktadekenal | | | | | | |
| 59303-07-0 | 2-metýl-3-fúrfúrýlþíópýrasín | 3189 | | | | | |
| 72401-53-7 | Tannínsýra | | | 276-638-0 | | | D-glúkósapentakis-[3,4-díhýdroxý-5-[(tríhýdroxý-3,4,5-bensóýl)oxý]bensóat] |
| 136954-20-6 | 3-merkaptóhexýlasetat | 3851 | | | | | |
| 136954-21-7 | 3-merkaptóhexýlbútýrat | 3852 | | | | | |

b) Færslum í „Athugasemda“-dálki er breytt sem hér segir fyrir eftirfarandi efni:

| CAS-nr. | Athugasemdir | CAS-nr. | Athugasemdir |
|---|---|---|---|
| 56-41-7 | 1)-3) | 107-95-9 | 1)-3) |
| 56-84-8 | 1)-3) | 130-89-2 | 2)-3) |
| 56-85-9 | 1)-3) | 130-95-0 | 2)-3) |
| 56-87-1 | 1)-3) | 147-85-3 | 1)-3) |
| 56-89-3 | 1)-3) | 150-30-1 | 1)-3) |
| 58-08-2 | 2)-3) | 302-72-7 | 1)-3) |
| 59-51-8 | 1)-3) | 302-84-1 | 1)-3) |
| 60-18-4 | 1)-3) | 443-79-8 | 1)-3) |
| 61-90-5 | 1)-3) | 516-06-3 | 1)-3) |
| 63-68-3 | 1)-3) | 549-56-4 | 2)-3) |
| 67-03-8 | 1)-3) | 595-39-1 | 1)-3) |
| 70-54-2 | 1)-3) | 657-27-2 | 1)-3) |
| 71-00-1 | 1)-3) | 3130-87-8 | 1)-3) |
| 72-18-4 | 1)-3) | 3184-13-2 | 1)-3) |
| 73-32-5 | 1)-3) | 6119-47-7 | 2)-3) |
| 74-79-3 | 1)-3) | 6119-70-6 | 2)-3) |
| 80-68-2 | 1)-3) | 7200-25-1 | 1)-3) |
| 83-67-0 | 2)-3) | 7549-43-1 | 2)-3) |
| 107-35-7 | 1)-3) | 10098-89-2 | 1)-3) |

c) Færsla í „Athugasemda“-dálki fyrir CAS-nr. 36413-60-2 falli brott.

d) Eftirfarandi tvær færslur falli brott:

| CAS-nr. | Heiti | FEMA-nr. | CoE-nr. | Einecs-nr. | Athugasemdir | Samheiti | Kerfisbundið heiti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 25007-53-8 | Etýl 4-hýdroxý-3-metoxýbensýleter | | | 236-136-4 | | | |
| 132344-97-9 | 2-bútýl-4-metýl(4H)pýrrólídínó[1,2e]-1,3,5-díþíasín | | | | | | 4-bútýl-2-metýl-1-asa-3,5-díþíabísýkló [4.3.0]nonan |

e) Eftirfarandi komi í stað færslu fyrir CAS-nr. 13184-86-6:

| CAS-nr. | Heiti | FEMA-nr. | CoE-nr. | Einecs-nr. | Athugasemdir | Samheiti | Kerfisbundið heiti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 13184-86-6 | Etýl 4-hýdroxý-3-metoxýbensýleter | | | 236-136-4 | | | |

f) Eftirfarandi komi í stað færslu fyrir CAS-nr. 132344-97-9:

| CAS-nr. | Heiti | FEMA-nr. | CoE-nr. | Einecs-nr. | Athugasemdir | Samheiti | Kerfisbundið heiti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 132344-97-9 | 2-bútýl-4-metýl(4H)pýrrólídínó[1,2d]-1,3,5-díþíasín | | | | | | 4-bútýl-2-metýl-1-asa-3,5-díþíabí-sýkló [4.3.0]nonan |

2. Í 2. hluta komi eftirfarandi í stað færslu fyrir CoE-nr. 10038:

| CoE-nr. | Heiti | FEMA-nr. | Einecs-nr. | Athugasemdir | Samheiti | Kerfisbundið heiti |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 10038 | 1-ísóamýloxý-1-etoxýprópan | | | | Própanaletýl 3-metýl-bútýl-asetal | 1-etoxý-1-(2-metýlprópoxý)etan |

3. 4. hluta er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslu er skotið inn:

| | Viðtökudagur tilkynningar hjá framkvæmdastjórninni |
|---|---|
| CN064 | 3.2.1999 |

b) Eftirfarandi færslur falli brott:

| | Viðtökudagur tilkynningar hjá framkvæmdastjórninni |
|---|---|
| CN011 | 17.10.1998 |
| CN020 | 17.10.1998 |
| CN025 | 17.10.1998 |
| CN028 | 17.10.1998 |
| CN029 | 17.10.1998 |
| CN032 | 17.10.1998 |
| CN038 | 17.10.1998 |
| CN040 | 17.10.1998 |
| CN044 | 17.10.1998 |
| CN055 | 17.10.1998 |
| CN056 | 17.10.1998 |
| CN062 | 26.10.1998 |

**Fylgiskjal 2.**

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

**frá 18. maí 2005**

**um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB að því er varðar skrána yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum**

*(tilkynnt með númeri C(2005)1437)*

**(Texti sem varðar EES**

(2005/389/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 frá 28. október 1996 um að ákveða málsmeðferð Bandalagsins varðandi bragðefni sem eru notuð eða fyrirhugað er að nota í eða á matvælum ([1]), einkum 2. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (EB) nr. 2232/96 er mælt fyrir um aðferðir við setningu reglna að því er varðar bragðefnin sem eru notuð eða fyrirhugað er að nota í matvælum. Í þeirri reglugerð er kveðið á um að samþykkt verði bragðefnaskrá (skráin) í kjölfar tilkynningar aðildarríkjanna um skrá yfir bragðefni sem nota má í eða á matvælum sem eru seld á yfirráðasvæði þeirra og á grundvelli athugunar framkvæmdastjórnarinnar á þeirri tilkynningu. Skráin var samþykkt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB ([2]).

2) Í reglugerð (EB) nr. 2232/96 er enn fremur kveðið á um áætlun um mat á bragðefnum til að kanna hvort þau eru í samræmi við almenn notkunarviðmið um notkun bragðefna sem eru tilgreind í viðaukanum við þá reglugerð.

3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (stofnunin) komst að þeirri niðurstöðu um Parahýdroxýbensóöt hinn 13. júlí 2004 að Própýl 4-hýdroxýbensóat (FL 09.915) hefur áhrif á kynhormóna og æxlunarfæri karldýra hjá ungum rottum. Stofnunin gat ekki mælt með viðteknum dagskammti fyrir þetta efni vegna skorts á skýrum mörkum um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NOAEL). Notkun Própýl-4-hýdroxýbensóata sem bragðefna í matvæli er ekki viðunandi þar eð hún samræmist ekki almennum notkunarviðmiðunum um notkun bragðefna sem eru tilgreind í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2232/96. Af því leiðir að fella ber Própýl-4-hýdroxýbensóat brott úr skránni.

4) Stofnunin komst að þeirri niðurstöðu hinn 7. desember 2004, um alifatísk, tvígild alkóhól, tvígild ketón og hýdroxýketón að pentan-2,4-díon (FL 07.191) valdi erfðaeiturhrifum bæði í glasi og í lífi. Til samræmis við það er notkun þeirra sem bragðefna ekki heimil vegna þess að hún samræmist ekki almennum notkunarviðmiðunum um notkun bragðefna sem eru tilgreind í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2232/96. Af því leiðir að fella ber pentan-2,4-díon brott úr skránni.

5) Við beitingu reglugerðar (EB) nr. 2232/96 og tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 98/282/EB frá 21. apríl 1998 um það hvaða leiðir aðildarríkin og ríki, sem hafa undirritað samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, skuli fara til að vernda hugverkarétt í tengslum við þróun og framleiðslu bragðefna, sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 ([3]), hefur tilkynningaraðildarríkið látið í ljós, að því er varðar ýmis efni, að auðkenna þurfi efnin þannig að það verndi hugverkarétt framleiðanda þeirra.

6) Vernd þessara efna, sem talin eru upp í B-hluta skrárinnar, takmarkast við tímabil sem er í mesta lagi fimm ár frá þeim degi þegar tekið er á móti tilkynningunni. Það tímabil er nú liðið að því er varðar 28 efni sem skal þar af leiðandi flytja yfir í A-hluta skrárinnar.

7) Breyta ber ákvörðun 1999/217/EB til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

([1]) Stjtíð. EB L 299, 23.11.1996, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).
([2]) Stjtíð. EB L 84, 27.3.1999, bls. 1. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2004/357/EB (Stjtíð. ESB L 113, 20.4.2004, bls. 28).
([3]) Stjtíð. EB L 127, 29.4.1998, bls. 32.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við ákvörðun 1999/217/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna. Gjört í Brussel 18. maí 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Markos KYPRIANOU *framkvæmdastjóri.*

*VIÐAUKI*

Viðaukanum við ákvörðun 1999/217/EB er breytt sem hér segir:

1. A-hluti breytist sem hér segir:

a) Línurnar í töflunni fyrir efnin sem hafa FL-númerin 07.191 (pentan-2,4-díon) og 09.915 (própýl 4- hýdroxýbensóat) falli brott.

b) Eftirfarandi línur bætist við í töfluna:

| FL-nr | Efna-flokkur | CAS-nr. | Heiti | Fema. | Einecs | Samheiti | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 01.070 | 31 | 111-66-0 | 1-okten | | 203-893-7 | | |
| 01.071 | 31 | 111-67-1 | 2-okten | | 203-894-2 | | |
| 01.072 | 31 | 544-76-3 | Hexadekan | | 280-878-9 | | |
| 07.251 | 21 | 577-16-2 | Metýlasetófenón | | | | CAS-nr. samsvarar 2-metýlasetófenón |
| 01.073 | 31 | 592-99-4 | 4-okten | | | | |
| 01.074 | 31 | 593-45-3 | Oktadekan | | 209-790-3 | | |
| 16.084 | 30 | 627-67-8 | 3-metýl-1-nítróbúten | | 211-008-0 | | |
| 01.075 | 31 | 629-78-7 | Heptadekan | | 211-108-4 | | |
| 12.260 | 20 | 4131-76-4 | Metýl-2-metýl-3-merkaptóprópríónat | | 223-949-4 | | |
| 12.261 | 20 | 6725-64-0 | Metandíþíól | | | | |
| 01.076 | 31 | 20996-35-4 | 3,7-dekadíen | | | | |
| 16.085 | 20 | 27959-66-6 | 4,4-dímetýl-1,3-oxaþían | | | | |
| 12.262 | 20 | 29414-47-9 | (Metýltíó) metanþíól | | | | |
| 05.210 | 04 | 30390-51-3 | 4-dódekenal | | 250-174-9 | | |
| 05.211 | 02 | 30689-75-9 | 6-metýloktanal | | | | |
| 14.166 | 30 | 32536-43-9 | Indól ediksýra | | | | |
| 07.252 | 05 | 33665-27-9 | 4-okten-2-on | | | | |
| 02.244 | 04 | 54393-36-1 | 4-okten-1-ól | | | | |
| 10.070 | 09 | 57681-53-5 | 4-hýdroxý-2-heptensýrulakton | | 260-902-7 | | |
| 05.212 | 04 | 76261-02-4 | 6-dódekenal | | | | |
| 05.213 | 04 | 90645-87-7 | 5-Nónenal | | | | |
| 15.124 | 29 | 103527-75-9 | 3-metýl-2-bútenýlþíófen | | | rósaþíófen | |
| 05.214 | 04 | 121052-28-6 | 8-dódekenal | | | | |
| 05.215 | 03 | 134998-59-7 | 2,6-dekadíenal (c,c) | | | | |
| 05.216 | 03 | 134998-60-0 | 2,6-dekadíenal (t,t) | | | | |
| 12.263 | 20 | | 3-merkaptó-3-metýlbútanal | | | | |
| 12.264 | 20 | 92585-08-5 | 4,2-þíópentanón | | | | |
| 03.021 | 16 | 142-96-1 | Díbútýleter | | 205-575-3 | | |

2. Í stað töflunnar í B-hluta komi eftirfarandi:

**„Bragðefni sem hafa verið tilkynnt í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2232/96 og sem óskað hefur verið eftir að falli undir verndun hugverkaréttinda framleiðanda**

| Kóði | Viðtökudagur tilkynningar hjá framkvæmdastjórninni | Athugasemdir |
|---|---|---|
| CN065 | 26.1.2001 | |
| CN074 | 18.4.2003 | 6 |
| CN075 | 18.4.2003 | 6 |
| CN076 | 18.4.2003 | 6 |

**Fylgiskjal 3.**

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

**frá 27. mars 2006**

**um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB að því er varðar skrána yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum**

*(tilkynnt með númeri C(2006) 899)*

**(Texti sem varðar EES)**

(2006/252/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 frá 28. október 1996 um að ákveða málsmeðferð Bandalagsins varðandi bragðefni sem eru notuð eða fyrirhugað er að nota í eða á matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (EB) nr. 2232/96 er mælt fyrir um aðferðir við setningu reglna að því er varðar bragðefnin sem eru notuð eða fyrirhugað er að nota í matvælum. Í þeirri reglugerð er kveðið á um að samþykkt verði bragðefnaskrá („skráin“) íkjölfar tilkynningar aðildarríkjanna um skrá yfir bragðefni sem nota má í eða á matvælum sem eru seld á yfirráðasvæði þeirra og byggð er á athugun framkvæmdastjórnarinnar á þeirri tilkynningu. Skráin var samþykkt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB ([2]).

2) Í reglugerð (EB) nr. 2232/96 er enn fremur kveðið á um áætlun um mat á bragðefnum til að kanna hvort þau eru í samræmi við almennar viðmiðanir um notkun bragðefna sem eru settar fram í viðaukanum við þá reglugerð.

3) Sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum (JECFA) komst að þeirri niðurstöðu á 65. fundi sínum 7.–16. júní 2005 að asetamíð (FL 16.047) valdi augljóslega krabbameini í bæði músum og rottum og þótt ekki sé vitað hvernig æxlin myndast má ekki líta fram hjá hugsanlegu gangvirki erfðaeiturhrifa. Sameiginlega sérfræðinganefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki sé rétt að nota slíkt efnasamband sem bragðefni. Asetamíð samrýmist því ekki almennu viðmiðununum sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2232/96 og skal fella það brott úr skránni.

4) Breyta ber ákvörðun 1999/217/EB til samræmis við þetta.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í A-hluta viðaukans við ákvörðun 1999/217/EB falli brott línan í töflunni fyrir efnið með FL-númeri 16.057 (asetamíð).

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. mars 2006.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Markos KYPRIANOU

*framkvæmdastjóri.*

---

([1]) Stjtíð. EB L 299, 23.11.1996, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 84, 27.3.1999, bls. 1. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2005/389/EB (Stjtíð. ESB L 128, 21.5.2005, bls. 73).

**Fylgiskjal 4.**

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

**frá 17. júní 2008**

**um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB að því er varðar skrána yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum**

***(tilkynnt með númeri C(2008) 2336)***

**(Texti sem varðar EES)**

(2008/478/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 frá 28. október 1996 um að ákveða málsmeðferð Bandalagsins varðandi bragðefni sem eru notuð eða fyrirhugað er að nota í eða á matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (EB) nr. 2232/96 er mælt fyrir um aðferðir við setningu reglna að því er varðar bragðefnin sem eru notuð eða fyrirhugað er að nota í matvælum. Í þeirri reglugerð er kveðið á um að samþykkt verði bragðefnaskrá (hér eftir nefnd „skráin“) í kjölfar tilkynningar aðildarríkjanna um skrá yfir bragðefni, sem nota má í eða á matvælum sem eru seld á yfirráðasvæði þeirra, og á grundvelli athugunar framkvæmdastjórnarinnar á þeirri tilkynningu. Skráin var samþykkt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB ([2]).

2) Í reglugerð (EB) nr. 2232/96 er enn fremur kveðið á um áætlun um mat á bragðefnum til að kanna hvort þau eru í samræmi við almennar viðmiðanir um notkun bragðefna sem eru settar fram í viðaukanum við þá reglugerð.

3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu kemst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 29. nóvember 2007 um alifatísk og arómatísk vetniskolefni að 2-metýlbúta-1,3-díen (skráð með FL-nr. 01 049) hafi hugsanlega erfðaeituráhrif í lífi og hafi krabbameinsvaldandi áhrif hjá tilraunadýrum. Samkvæmt því er notkun þess sem bragðefnis ekki heimil vegna þess að efnið samræmist ekki almennum viðmiðunum um notkun bragðefna sem eru tilgreindar í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2232/96. Af því leiðir að fella ber þetta efni brott úr skránni.

4) Breyta ber ákvörðun 1999/217/EB til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í A-hluta viðaukans við ákvörðun 1999/217 falli brott línan í töflunni fyrir efnið með FL-númeri 01 049 (2-metýlbúta-1,3-díen).

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. júní 2008.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Androulla VASSILIOU

*framkvæmdastjóri.*

---

([1]) Stjtíð. EB L 299, 23.11.1996, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 84, 27.3.1999, bls. 1. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2006/252/EB (Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2006, bls. 48).

**Fylgiskjal 5.**

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

**frá 26. febrúar 2009**

**um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB að því er varðar skrána yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum**

***(tilkynnt með númeri C(2009) 1222)***

**(Texti sem varðar EES)**

(2009/163/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 frá 28. október 1996 um að ákveða málsmeðferð Bandalagsins varðandi bragðefni sem eru notuð eða fyrirhugað er að nota í eða á matvælum ([1]), einkum 2. mgr. 3. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (EB) nr. 2232/96 er mælt fyrir um aðferðir við setningu reglna að því er varðar bragðefnin sem eru notuð eða fyrirhugað er að nota í matvælum. Í þeirri reglugerð er kveðið á um að samþykkt verði bragðefnaskrá (hér eftir nefnd skráin) í kjölfar tilkynningar aðildarríkjanna um skrá yfir bragðefni sem nota má í eða á matvælum sem eru seld á yfirráðasvæði þeirra og á grundvelli athugunar framkvæmdastjórnarinnar á þeirri tilkynningu.

2) Í reglugerð (EB) nr. 2232/96 er enn fremur kveðið á um áætlun um mat á bragðefnunum (matsáætlunin), sem eru talin upp í skránni, til að kanna hvort þau eru í samræmi við almennu viðmiðanirnar um notkun bragðefnanna sem eru tilgreindar í viðaukanum við þá reglugerð. Í reglugerð (EB) nr. 2232/96 er kveðið á um að þeir sem bera ábyrgð á því að setja bragðefnin á markað skuli senda framkvæmdastjórninni nauðsynleg gögn til þess að mat á þeim geti farið fram. Í þeirri reglugerð er einnig kveðið á um að í kjölfar matsáætlunarinnar verði samþykkt skrá yfir bragðefnin, sem heimilt skal að nota, jafnframt því sem önnur eru útilokuð.

3) Framkvæmdastjórnin samþykkti með ákvörðun 1999/217/EB ([2]), samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2232/96, skrá yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum.

4) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 frá 18. júlí 2000, þar sem mælt er fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir vegna samþykktar matsáætlunar við beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 ([3]), er kveðið á um að sá sem er ábyrgur fyrir því að setja tiltekin bragðefni í skránni á markað leggi fram tilteknar upplýsingar til þess að mat á efninu geti farið fram.

5) Ekki hafa verið lagðar fram upplýsingar um 148 bragðefni né heldur hefur framkvæmdastjórninni verið tilkynnt um fyrirætlanir um að þess háttar upplýsingar verði lagðar fram. Þess vegna er ekki unnt að meta þessi efni með tilliti til þess hvort þau eru í samræmi við almennu viðmiðanirnar um notkun bragðefna sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 2232/96. Til samræmis við það ber að fella þessi bragðefni brott úr skránni.

6) Við beitingu reglugerðar (EB) nr. 2232/96 og tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 98/282/EB frá 21. apríl 1998 um það hvaða leiðir aðildarríkin og ríki, sem hafa undirritað samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, skuli fara til að vernda hugverkarétt í tengslum við þróun og framleiðslu bragðefna, sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 ([4]), hafa tilkynningaraðildarríkin, að því er varðar ýmis efni, farið fram á að efnin skuli skráð á þann hátt að hugverkaréttindi framleiðanda þeirra verði vernduð.

7) Vernd þessara efna, sem talin eru upp í B-hluta skrárinnar, takmarkast við tímabil sem er í mesta lagi fimm ár frá þeim degi þegar tekið er á móti tilkynningunni. Það tímabil er nú liðið að því er varðar fjögur eftirstandandi efni sem skulu þar af leiðandi flutt yfir í A-hluta skrárinnar.

8) Því ber að breyta ákvörðun 1999/217/EB til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

---

([1]) Stjtíð. EB L 299, 23.11.1996, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 84, 27.3.1999, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 180, 19.7.2000, bls. 8.
([4]) Stjtíð. EB L 127, 29.4.1998, bls. 32.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við ákvörðun 1999/217/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2009.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Androulla VASSILIOU

*framkvæmdastjóri.*

*VIÐAUKI*

1. Fyrstu málsgrein viðaukans við ákvörðun 1999/217/EB, sem er svohljóðandi, skal fella brott:

   „Skránni yfir efnafræðilega skilgreind bragðefni er skipt í tvo aðskilda hluta. Í A-hluta eru talin upp efni samkvæmt FL-númerum þeirra. Í B-hluta eru talin upp efni sem aðildarríki hefur óskað eftir að farið yrði með sem trúnaðarmál til að vernda hugverkaréttindi framleiðanda.“

2. A-hluta viðaukans við ákvörðun 1999/217/EB er breytt sem hér segir:

   a) Línurnar í töflunni fyrir efnin, sem hafa eftirfarandi FL-númer, falli brott:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 01.025 | 01.062 | 01.068 | 01.069 | 01.071 | 01.072 | 01.073 | 01.074 |
| 01.075 | 01.076 | 02.053 | 02.068 | 02.118 | 02.129 | 02.130 | 02.151 |
| 02.163 | 02.199 | 02.215 | 02.232 | 02.237 | 02.238 | 02.244 | 03.018 |
| 03.021 | 04.060 | 04.071 | 04.081 | 04.083 | 05.054 | 05.133 | 05.135 |
| 05.176 | 05.177 | 05.200 | 05.207 | 05.209 | 05.210 | 05.212 | 05.213 |
| 05.214 | 05.215 | 06.060 | 06.068 | 06.099 | 06.108 | 06.113 | 07.143 |
| 07.144 | 07.145 | 07.163 | 07.173 | 07.174 | 07.192 | 07.216 | 07.241 |
| 07.245 | 07.246 | 07.252 | 08.110 | 08.111 | 08.126 | 08.128 | 09.311 |
| 09.384 | 09.576 | 09.635 | 09.654 | 09.817 | 09.845 | 09.853 | 09.881 |
| 09.887 | 09.896 | 09.903 | 09.914 | 10.041 | 10.046 | 10.065 | 10.071 |
| 11.011 | 11.012 | 11.013 | 11.019 | 11.022 | 11.024 | 12.110 | 12.115 |
| 12.186 | 12.245 | 12.246 | 12.247 | 12.248 | 12.250 | 12.260 | 12.261 |
| 12.263 | 13.036 | 13.104 | 13.110 | 13.121 | 13.131 | 13.147 | 13.156 |
| 13.158 | 13.159 | 13.164 | 13.181 | 13.187 | 14.090 | 14.151 | 14.153 |
| 14.156 | 14.157 | 14.158 | 14.162 | 14.165 | 14.166 | 15.041 | 15.046 |
| 15.053 | 15.059 | 15.065 | 15.073 | 15.075 | 15.095 | 15.100 | 15.101 |
| 15.104 | 15.105 | 15.117 | 15.121 | 15.122 | 15.123 | 15.124 | 16.050 |
| 16.064 | 16.065 | 16.066 | 16.067 | 16.068 | 16.069 | 16.070 | 16.078 |
| 16.079 | 16.084 | 16.085 | 17.009 | | | | |

   b) Eftirfarandi línum er bætt við í töflunni:

| FL-númer | Efna-flokkur | CAS-númer | Heiti | Fema-nr. | CoE-nr. | EINECS-nr. | FL-númer | Sam-heiti | Kerfis-bundið heiti | Athuga-semdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „09.929 | 8 | 220621-22-7 | L-mónó-mentýlglútarat | 4006 | | | 09.929 | | | |
| 03.023 | 16 | 1608-72-6 | 1-etoxýetýl-asetat | 4069 | | | 03.023 | | | |
| 16.083 | 30 | 446-71-9 | 2-(4-hýdroxý-3-metoxýfenýl)-5,7-díhýdroxý-krómanón | | | | 16.083 | | | |
| 07.250 | 5 | 3916-64-1 | 3,5-heptadíen-2-ón | | | | 07.250“ | | | |

3. B-hluti viðaukans við ákvörðun 1999/217/EB falli brott.